

FERILSKRÁ

Guðmundur Björgvin Helgason

kt. 031264-5379

Menntun

- 1988** **London School of Economics**
M.Sc. stjórn málafræði
- 1987** **George Washington University**
B.A. alþjóðasamskipti
- 1984** **Verzlunarskóli Íslands**
Stúdentspróf, hagfræðideild

Starfsreynsla - aðalstörf

- 2022-** **Ríkisendurskoðandi**
Kjörinn ríkisendurskoðandi á Alþingi þann 9. júní 2022.
- 2019-2022** **Ríkisendurskoðun**
Sérfræðingur á skrifstofu yfirstjórnar, forstöðumaður Akureyrarskrifstofu, sviðsstjóri tekjueftirlits og staðgengill ríkisendurskoðanda. Starfandi ríkisendurskoðandi frá 1. febrúar 2022 – 8. júní 2022.
- 2013-2018** **Mannauðsstjóri viðbótarstarfsliðs, UNRWA**
Manager, Complementary Personnel í höfuðstöðvum Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna fyrir Palestínu (United Nations Relief and Works Agency for Palestine Refugees in the Near East – UNRWA), með aðsetur í Amman, Jórdaníu. Yfirumsjón með öllum samningum UNRWA við ráðgjafa, verktaka, ungliða (Junior Professional Officers), sérfræðinga-aðlání, sjálfboðaliða og annað viðbótarstarfslið. Yfirumsjón með alþjóðlegum samskiptum við þau aðildarríki og stofnanir er studdu UNRWA með viðbótarstarfsliði og öllum innri samskiptum, gæðastýringu og eftirliti er laut að stjórnarsýslu stofnunarinnar á sviði viðbótarstarfsliðs. Yfirumsjón með stefnumótun, áætlanagerð og þróun á regluverki stofnunarinnar á sviði viðbótarstarfsliðs í samvinnu við svæðisskrifstofur UNRWA í Jórdaníu, Líbanon, Sírlandi og á Vesturbakkanum og Gazasvæðinu
- 2009-2013** **Sjálfstætt starfandi ráðgjafi, helstu verkefni:**
2009-2013 Ráðgjöf til utanríkisráðuneytis á sviði varnar- og öryggismála, viðskiptamála, landbúnaðarmála og Evrópumála.

- 2011 Ráðgjöf til Landhelgisgæslu Íslands á sviði varnar- og öryggismála.
- 2009-2010 Formaður starfshóps um öryggismál og endurskipulagningu Stjórnarráðsins og höfundur skýrslu til utanríkisráðuneytis um stefnumótun í málaflokknum, mars 2010. Tillögugerð til utanríkisráðherra um ráðstöfun varnartengdra verkefna og áætlanagerð um framkvæmd þeirra tillagna. Þátttaka í undirbúningi frumvarps til breytinga á varnarmálalögum og yfirumsjón með breytingastjórnun tengdri ráðstöfun verkefna Varnarmálastofnunar til annarra opinberra stofnana, þ.m.t. umsjón með samskiptum við innlenda og erlenda hagsmunaaðila. Formaður verkefnisstjórnar Varnarmálastofnunar með ábyrgð á daglegri stjórnun og rekstri vegna niðurlagningar stofnunarinnar sem starfandi forstjóri tímabilið 1. september – 31. desember 2010.
- 2007-2009 Þyrping hf.**
Framkvæmdastjóri fasteignaþróunarverkefna á Kringlusvæði. Yfirumsjón með samskiptum við hluthafa, aðra samstarfs- og hagsmunaaðila og skipulagsyfirvöld.
- 2000-2007 Landbúnaðarráðuneyti**
Ráðuneytisstjóri, jafnframt aðalsamningamaður Íslands í alþjóðasamningum um landbúnaðarmál og aðalfulltrúi Íslands í málefnum landbúnaðarins hjá WTO, Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD), Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) og Laxaverndunarstofnun Norður-Atlantshafsríkja (NASCO). Ábyrgð á rekstri ráðuneytisins og undirstofnana þess og umsjón með stefnumótun og þróun starfsumhverfis landbúnaðarins undir yfirstjórn ráðherra, þ.m.t. undirbúningi og gerð búvörusamninga. Umsjón með undirbúningi og framkvæmd umfangsmikilla breytinga á stofnanaumhverfi landbúnaðarins, þ.m.t. sameininga er leiddu til Landbúnaðarháskóla Íslands og Landbúnaðarstofnunar (síðar Matvælastofnunar). Umsjón með endurskoðun helstu laga á sviði landbúnaðar, þ.m.t. jarðar- og ábúðarlaga, búnaðarlaga, búvörulaga og lax- og silungsveiðilaga.
- 1991-2000 Utanríkisráðuneyti**
- 1998-2000 Sendiráðunautur við sendiráð Íslands í París, jafnframt varafastafulltrúi gagnvart OECD og FAO. Virk þátttaka í öllum nefndum stofnananna.
- 1993-1998 Sendiráðsritari og sendiráðunautur við fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum í Genf, jafnframt varafastafulltrúi gagnvart WTO frá 1995 og gagnvart EFTA frá 1995 til 1997. Umsjón með framkvæmd allra skuldbindinga Íslands á verksviði stofnananna og virk þátttaka í gerð og framkvæmd alþjóðasamninga á vegum WTO og EFTA.

1991-1993 Sendiráðsritari við almenna skrifstofu og varnarmálaskrifstofu.

1988-1991 Iceland Review

Blaðamaður. Greinaskrif fyrir Iceland Review, Atlantica og News From Iceland.

Starfsreynsla – aukastörf

- 2023- Formaður úrskurðarnefndar hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni**
Skipaður af Alþjóðaviðskiptastofnuninni (World Trade Organization – WTO) til setu í úrskurðarnefnd (dispute settlement panel DS610) til úrlausnar viðskiptadeilu milli ESB og Kína um tiltekna aðgerðir Kína í vöruviðskiptum.
- 2021-2023 Seta í úrskurðarnefnd hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni**
Skipaður af WTO til setu í úrskurðarnefnd (dispute settlement panel DS589) til úrlausnar viðskiptadeilu milli Kanada og Kína um innflutningstakmarkanir Kína gagnvart Canola fræum frá Kanada.
- 2019-2022 Formaður úrskurðarnefndar hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni**
Skipaður af WTO sem formaður úrskurðarnefndar (dispute settlement panel DS583) til úrlausnar viðskiptadeilu milli Evrópusambandsins og Tyrklands vegna fyrirkomulags við innflutning og framleiðslu lyfja í Tyrklandi.
- 2017-2019 Formaður úrskurðarnefndar hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni**
Skipaður af WTO sem formaður úrskurðarnefndar (dispute settlement panel DS511) til úrlausnar viðskiptadeilu milli Bandaríkjanna og Kína um opinberan innanlandsstuðning í kínverskum landbúnaði.
- 2015-2017 Seta í úrskurðarnefnd hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni**
Skipaður af WTO til setu í úrskurðarnefnd (dispute settlement panel DS477/478) til úrlausnar viðskiptadeilu milli Bandaríkjanna og Indónesíu um innflutningsskilyrði fyrir garðyrkjuafurðir, dýr og dýrafurðir í Indónesíu.
- 2009-2012 Seta í úrskurðarnefnd hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni**
Skipaður af WTO til setu í úrskurðarnefnd (dispute settlement panel DS391) til úrlausnar viðskiptadeilu milli Kanada og Kóreu um matvælaöryggi og beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna í Kóreu.